

OECD-FAO Agricultural Outlook: 2006-2015

Summary in Icelandic

OECD-FAO Horfur í landbúnaði 2006-2015

Útdráttur á íslensku

HORFUR Í STUTTU MÁLI

- Áætlað er að landbúnaðarframleiðsla heims aukist jafnt og þétt á næsta áratug, en hægar en undanfarin 10 ár. Neysla matvæla á mann vex með auknum tekjum og meiri verslun. Aukin staðbundin framleiðsla og minni kostnaður af afkastameira samgöngu- og framleiðsludreifingarkerfi ásamt neyslutilfærslum, sem stafa af þéttbýlismyndun og breytingum á mataræði, eru þættir sem koma heim og saman við þessa þróun í þróunarríkjum. Í þessum ríkjum er aukin áhersla á afurðir búfjár og dýrafóður borið saman við korn. Á þróaðri mörkuðum hafa áhyggjur af matvælaframboði vikið fyrir öðrum áhyggjum sem varða eiginleika og gæði matvælnanna.
- Staðsetning heimsútpenslu á landbúnaðarmarkaði flyst í síauknum mæli til þróunarríkjanna. Búið er við að þessi leitni aukist á þeim tíma sem horfurnar ná til, rétt eins og að fjárfesting í framleiðslugetu og skipulagsgerð færa til staðsetningu framleiðslunnar, einkum fyrir magnafurðir í landbúnaði, í átt að þróunarheiminum og frá þróuðu ríkjunum. Stefnumótunarumbætur í þróuðu ríkjunum eru smám saman að breyta eðli stuðningsins við landbúnaðarframleiðslu sem hefur áhrif á grundvöll og staðsetningu framleiðslunnar.
- Meðan heildarhlutdeild í útpenslu framleiðslunnar í þróunar- og fyrrum aðlögunarríkjunum fer fram úr þróuðu ríkjunum, markast spáin fyrir vanþróuðustu ríkin af vaxandi nettóinnflutningi á grunnmatvöru. Í þessum ríkjum dregst framleiðnivöxtur aftur úr fólksfjölgun sem leiðir til meiri tiltrúar á heimsmörkuðum vegna matvælaöryggis þeirra og meiri afhjúpunar á óstöðugleika alþjóðlegs markaðsverðs.
- Mikil samkeppni frá útflytjendum nokkurra þróunar- og fyrrum aðlögunarríkja endurspeglar hlutfallslegan ávinning í mörgum landbúnaðarvörum. Á sama tíma mun ný tækni halda áfram að stýra viðskiptaflæði í átt að meira unnum afurðum meðfram áframhaldandi hnattvæðingu og samþættingu birgðakeðja í landbúnaðarviðskiptum. Engu að síður er búið við að áætlaður vöxtur í verslun með landbúnaðarvörur dragist

aftur úr möguleikum sínum vegna stífni mikilla verslunarhafta, sem og reglubundins eftirlits sem tengist matvælaöryggi og umhverfisþáttum.

- Búist er við að hnattræn viðskipti með hveiti og gróft korn vaxi lítillega en heimsverslun með hrísgrjón haldi meiri vaxtarhraða á tímabili Horfanna. Viðskipti með gróft korn eru áfram nátengd aukningu í framleiðslu á alidýrum, einkum í ríkjum sem eru ófær um að mæta eigin fóðurþörfum. Búist er við sterkri kröfu um jurtaolíu fyrir matvælaneytisu og próteinmat sem er notaður til að fódra búfé til að viðhalda hlutdeild hnattrænna viðskipta í heimsframleiðslu á lýsisfræjum og afurðum úr þeim á stigi sem er vel yfir afurðum úr hveiti eða grófu korni.
- Í Horfunum er búist við að orkuverð haldist áfram hátt, en það eflir framleiðslu í landbúnaði á vörum sem krefjast minni orku og fjárfestingar í framleiðslustöðvum lífræns eldsneytis. Þar af leiðandi mun aukin etanólframleiðsla í Bandaríkjunum sem byggir á maís, draga úr aukningu í útflutningi maís. Þrátt fyrir mikla aukningu í etanólgeiranum í Brasilíu, sem byggir á sykurreyr, er ekki búist við að hún komi í veg fyrir að hann auki hlutdeild sína á heimsmarkaði sykurs.
- Hætta er á að horfur í heimsviðskiptum með kjöt sem eru drifin áfram af aukningu á tekjum á mann í mörgum innflutningsríkjum dofni eitthvað með ítrekaðri útbreiðslu dýrasjúkdóma og líklegum eftiráhrifum þeirra. Búist er við að heimsverð á mjólkurvörum haldist óbreytt á því tímabili sem horfurnar ná yfir þar sem aukin eftirspurn í þróunarríkjunum, einkum í Austur-Asíu, Norður-Afríku og Miðausturlöndum, kemur samhliða fyrirsjáanlegri takmarkaðri aukningu á útflutningi frá venjubundnum birgjum í Eyjaálfu og Evrópu.
- Framleiðsluáföll sem tengjast veðri, leitni í orkuverði, fjárfestingar í framleiðslugetu á lífrænu eldsneyti, efnahagslegar vaxtarhorfur og framtíðarþróun í landbúnaðarstefnu eru meðal aðalóvissupáttanna sem snerta horfur um heimsmarkað í landbúnaði. Niðurstaðan af Doha-þróunarsamningunum um marghliða verslunarsamningaviðræður er mikill óvissupáttur í Horfunum. Heimshorfur á landbúnaðarmörkuðum eru mjög háðar efnahagsþróun í Brasilíu, Kína og Indlandi, risunum þremur á heimsmarkaði landbúnaðar.

© OECD 2006

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir údrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

